

AUGLÝSING
um skipulag í Mosfellshreppi.

120
13. júlí

Eftir tillögu skipulagsstjóra ríkisins og með samþykki hreppsnefndar Mosfells-
hrepps í Kjósarsýslu, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55 1921
ákveðið, að lög nr. 55 27. júní 1921 skuli taka til byggingarlóða í Mosfellshreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1960.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING
um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

121
11. júlí

Frá og með 12. júlí 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag,
á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

SAMÞYKKT
um forkaupsrétt Neskaupstaðar að húseignum Pöntunarfélags alþýðu,
Neskaupstað.

122
13. júlí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og
kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefur bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkt á
fund sínum 9. júní 1960 að áskilja Neskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum hús-
eignum Pöntunarfélags alþýðu í Neskaupstað:

1. Egilsbraut 5,
2. Hafnarbraut 1,
3. Hafnarbraut 13.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.
Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júlí 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.